

STEFNA ARCONIC CORPORATION GEGN SPILLINGU

BAKGRUNNUR:

Arconic Corporation („Arconic“) og stjórnendur fyrirtækisins eru skuldbundnir til að stýra allri starfsemi fyrirtækisins um allan heim, á siðferðislega réttan hátt og í samræmi við öll viðeigandi lög og reglugerðir. Forstjórar okkar og stjórnendur eru sannfærðir um að það skiptir jafn miklu máli hvernig við náum árangri eins og hvaða árangri við náum. Árvekni við það að framfylgja lögum sem eru sett gegn spillingu og mútum, eins og þau sem byggja á OECD-sáttmálanum og U.S Foreign Corrupt Practices Act („FCPA“), er mjög mikilvæg þar sem umfang fyrirtækisins eykst á heimsvísu. Á sumum þeirra markaða þar sem við störfum gildir eftirfarandi: (i) opinberir embættismenn taka oft þátt í viðskipta- og fjármálalífi til þeirra eigin hagsbóta; (ii) spilling og tengd vandamál kunna að vera útbreidd; og (iii) lagalegir staðlar og stefnur um eftirfylgni eru í þróun, en lögum og stefnum er oft framfylgt á óskýran og ósamræmdan hátt. Aukinn þrýstingur vegna samkeppni á markaði, bæði innanlands og utan, má ekki grafa undan ábyrgð og skuldbindingu Arconic hvað varðar siðferðislega rétta breytni og framfylgd laga.

Stefna þessi á við um Arconic um allan heim og öll dótturfyrirtæki, tengd fyrirtæki, sameignarfélög, áhættufjárfestingar og öll önnur viðskiptatengsl sem eru undir virkri stjórn Arconic, beint eða óbeint („fyrirtækið“). Hún á við um alla forstjóra, stjórnendur og starfsmenn Fyrirtækisins.

Þau bönn og takmarkanir sem sett eru fram í þessari stefnu eiga við um opinbera embættismenn og starfsmenn, jafnt sem einstaklinga í einkageiranum.

Engin stefna getur séð fyrir allar þær mögulegu aðstæður sem gætu komið upp. Starfsmenn eru hvattir til að ræða við stjórnendur sína eða við hvaða félagi sem er í lögfræðideild Arconic eða deildum Arconic um reglufylgni, allar spurningar um sérstakar staðreyndir og kringumstæður sem geta valdið því að ákvæði í stefnu þessari skipti máli.

STEFNA:

Hvorki fyrirtækið né nokkur þriðji aðili sem starfar fyrir hönd fyrirtækisins skal bjóða, lofa, gefa leyfi fyrir eða greiða „neitt sem verðgildi hefur“ til neins „opinbers embættismanns“ eða til neins einstaklings eða aðila, þ.m.t. til þeirra sem eru í einkageiranum eða viðskiptalífinu, með það í huga að hvetja viðtakanda til að misnota aðstöðu sína eða til að fá fram „viðskiptaívilnanir“. Enginn starfsmaður fyrirtækisins skal biðja um eða þiggja mútur, eins og skilgreint er að neðan. Aldrei er heimilt að gefa peningagjöf eða ígildi peninga til eða til hagsbóta einhvers þriðja aðila, né að einhver starfsmaður fyrirtækisins biðji um eða þiggi slíkt, nema slíkt sé sérstaklega heimilað með stefnu Arconic.

Forðast skal allar aðgerðir sem jafnvel aðeins virðast geta verið óheiðarlegar.

Enginn starfsmaður fyrirtækisins mun þurfa að gjalda fyrir það að vilja ekki greiða mútur, jafnvel þótt það valdi því að fyrirtækið verði af viðskiptum eða að það hafi neikvæð áhrif á tímasetningar og áætlanir.

Í stefnu þessari á eftirfarandi við:

„allt sem verðgildi hefur“ felur í sér, en takmarkast ekki við, peningaupphæð, ígildi peninga (eins og gjafakort), gjafir, ferðalög, málsverði, afþreyingu, notkun farartækja, gistingu eða dýra greiða, eins og tækifæri til atvinnu og menntunar fyrir vini og ættingja, lán og afnot af orlofseign. Í stefnu þessari gildir að „allt sem verðgildi hefur“ hefur ekkert lágmarksgildi. Jafnvel lítil gjöf telst vera „eitthvað sem verðgildi hefur“.



ARCONIC

„**Mútur**“ eru boð, beiðni, loforð, leyfi til að greiða eða greiðsla eða viðtaka á „einhverju sem verðgildi hefur“ til eða frá hvaða „opinberum embættismanni“ sem er eða einhverri annarri persónu eða aðila, þ.m.t. persóna eða aðila í einkageiranum eða í viðskiptalífínu, í þeim tilgangi að hvetja viðtakanda til að misnota stöðu sína til að fá fram „viðskiptaávilnanir“.

„**Viðskiptaávilnanir**“ eru skilgreindar á breiðum grundvelli. Þær fela í sér að fá eða viðhalda viðskiptum, fá fram sérstaka meðferð eða að tryggja eftirgjafir á hinu pólitíska eða viðskiptalega sviði.

„**Stjórnvöld**“ eru skilgreind þannig að þau fela í sér öll stig og allar undirdeildir stjórnsýslu (þ.e., á sveitarstjórnarstigi, héraðsbundnar, innan ríkis, á landsvísu, og stjórnsýslulegar, lagalegar, dómstóla og framkvæmdavald).

„**Opinber embættismaður**“ á við kjörinn eða skipaðan opinberan embættismaðnn; sama á hvaða stigi (til dæmis sveitastjórnarstigi eða á landsvísu) eða valdssviði (lagalegt svið, framkvæmdasvið eða dómstólasvið) hann er; hvern þann starfsmann eða einstakling sem starfar fyrir hönd opinbers embættismanns, stofnunar, stjórnarstofnunar eða fyrirtækis sem gegnir opinberum skyldum; hvern þann starfsmann eða einstakling sem vinnur fyrir eða fyrir hönd einhvers aðila sem er að fullu eða að meira en 50% hluta í eigu opinberra aðila eða undir opinberri stjórn (þar á meðal í gegnum ríkisfyrirtæki og ríkissjóði); alla stjórnmalaflokka, yfirmann, starfsmann eða aðra persónu sem vinnur fyrir eða fyrir hönd stjórnmalaflokks, eða einhvers aðila sem er í framboði til opinbers embættis; starfsmann eða persónu sem starfar fyrir opinber alþjóðleg samtök (t.d. Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann); eða hvern þann yfirmann, starfsmann eða einstakling sem starfar fyrir eða fyrir hönd svæðisbundins eða staðbundins yfirvalds.

„**Milliliður**“ á við um alla þriðju aðila, án tillits til starfsheitis, sem eru fulltrúar fyrirtækisins; starfa af þagmælsku fyrir hönd þess; eða sem eiga í samstarfi við fyrirtækið, þ.m.t. skuldbundna söluaðila, dreifingaraðila, sölufulltrúa, ráðgjafa, fulltrúa hagsmunahópa, veitendur flutningsþjónustu og skipuleggjendur aðráttu, aðila er veita tollþjónustu, miðlara og viðskiptafélaga í áhættufjárfestingum, og alla þriðju aðila sem ekki teljast til fyrirtækisins og sem starfa skv. skriflegu umboði fyrirtækisins.

Gjafir og gestrisni. Þó að gjafir og gestrisni (þ.m.t. flutningur, húsaskjól, málsverðir og skemmtun) geti verið viðeigandi við sumar aðstæður, þá skal ekki veita slíkt eða þiggja ef það samræmist ekki stefnu þessari og banni við mútum. Ennfremur, í samræmi við stefnur Arconic um viðskiptahætti, verða allar gjafir, öll gestrisni og öll skemmtun sem sérhverjum viðtakanda er boðið upp á af hálfu fyrirtækisins eða einhver starfsmaður fyrirtækisins þiggur, að vera:

- skynsamleg að verðgildi og samræmast stöðu viðtakanda og kringumstæðum og ekki of rausnarleg;
- í samræmi við hefðbundna kurteisi;
- tengd löglegu viðskiptamarkmiði;
- leyfð samkvæmt viðeigandi lögum; og
- í fullri fylgni við viðeigandi starfsreglur sem fyrirtækið hefur tekið upp.

Íhuga skal í hverju tilviki fyrir sig hversu oft fyrirtækið gefur gjafir eða sýnir gestrisni sína gagnvart einum ákveðnum viðtakanda, eða einhver starfsmaður fyrirtækisins móttækur slíkt frá einum ákveðnum aðila. Vegna sérstakra reglna sem eiga við þegar ætlaður viðtakandi er opinber embættismaður kann beiðnin að



ARCONIC

vera háð skoðun og samþykki í samræmi við starfsreglur fyrirtækisins um gjafir, gestrisni og ferðalög áður en nokkur gjöf eða gestrisni er veitt.

Greiðslur og útlagður kostnaður fyrirtækis vegna allra gjafa og gestrisni, án tillits til verðmæta, skulu skráð nákvæmlega í bókhald fyrirtækisins og í skrár þess í samræmi við verkferla um skráningu útgjaldaliða.

Bókhald: bókfærslur og skráningar. Fyrirtækið mun viðhalda kerfi innra eftirlits með bókhaldi og halda nákvæmar bækur og skrár af sem endurspeglar greinilega og réttléga færslur og dreifingu eigna.

- Allar greiðslur og færslur verða að vera skráðar á viðeigandi hátt í bókfærslum og skráum fyrirtækisins.
- Rangar, villandi eða ófullkomnar færslur í bókhaldi fyrirtækisins, skráum og öðrum viðskiptagögnum eru bannaðar. Engin færsla, sem krefst eða felur í sér ranga eða skáldaða skráningu, að hluta til eða í heild, skal nokkurn tíma færð í bókhald.
- Ekki má stofna ótilgreinda eða óskráða reikninga eða fjárhæðir, sama hver tilgangurinn er.
- Það er bannað að fara í kringum eða komast framhjá innra bókhaldseftirliti fyrirtækisins eða reyna slíkt.
- Allar greiðslur af hálfu fyrirtækisins skal samþykkja og skulu þær vera rökstuddar með viðeigandi gögnum.
- Allar greiðslur og hlutar þeirra skulu notaðir ekki vera notaðir í öðrum tilgangi en þeim tilgangi sem er sérstaklega tilgreindur í þeim skjölum sem rökstyðja greiðsluna.

Þessar kröfur gilda um allar greiðslur án tillits til fjárhagslegs mikilvægis greiðslunnar.

Peningabætti. Peningabætti er ferli þar sem aðili felur eða dulbýr tilvist ólöglegra tekna þannig að þær líta út fyrir að vera löglegar. Notkun slíkra illa fenginna fjármuna getur valdið skaðabótaskyldu í þeim löndum þar sem fyrirtækið starfar. Starfsmönnum er skylt að hafa samband við fulltrúa lagadeildar Arconic á sínu svæði ef þeir verða varir við kringumstæður sem leiða til gruns um að færsla gæti falið í sér greiðslu eða móttöku hagnaðar sem tengist ólöglegri starfsemi.

Greiðslur til að liðka fyrir stjórnýslu. Greiðslur til að liðka fyrir stjórnýslu, skilgreindar sem greiðslur til lágt settra opinberra embættismanna gerðar til að liðka fyrir hefðbundinni stjórnýslu og ákvörðunum stjórnvalda sem ekki eru geðþóttaákvæðanir, eru bannaðar.

Ef aðili sem fellur undir þessa stefnu kemst í aðstæður sem fela í sér bráða eða alvarlega hættu fyrir starfsmenn eða verksmiðjur fyrirtækisins verði greiðsla ekki innt af hendi, þá telst slík greiðsla ekki vera mútur af ásetningi skv. þessari stefnu, þar sem sá starfsmaður sem framkvæmir greiðsluna hefur ekkert illt í hyggju. Ef slíkar aðstæður koma upp, skal viðkomandi beita sinni bestu dómgreind og hafa síðan samband við lagadeild Arconic eins fljótt og hægt er til að tilkynna um tilvikið. Lagadeild fyrirtækisins mun ákvarða allar frekari aðgerðir sem grípa þarf til og mun starfa með stjórnanda fyrirtækisins til að tryggja að greiðslan sé að fullu skráð í bækur og skrár fyrirtækisins.

Ef þú hefur einhvern tíma komist í aðstæður þar sem þú efast eitthvað um eða ert óörugg/ur varðandi lögmæti greiðslu eða útgjalda, skaltu hafa samband við starfsmann lagadeildar Arconic eða deildar reglufylgni til að fá ráðleggingar áður en lengra er haldið. Refsingin fyrir að reyna að leyna greiðslu getur stundum verið harðari en sú refsing sem tengist því að inna af hendi greiðsluna sjálfa.

Færslur sem tengjast milliliðum og samstarfsaðilum. Greiðslur sem fyrirtækinu, eða starfsmönnum þess, er beinlínis bannað að inna af hendi eða taka við samkvæmt þessari stefnu, er ekki hægt að inna af hendi eða taka við óbeint gegnum millilið. Fyrir undirritun samnings þarf fyrirtækið að skoða og samþykkja



ARCONIC

millilið í samræmi við starfsreglur Arconic um áreiðanleikakönnun og samningagerð við milliliði. Aðfangaeiningar fyrirtækisins sem hafa leyfi til innkaupa bera ábyrgð á því að starfa með lagadeildum og deildum reglufylgni til að koma á fót viðeigandi starfsreglum um áreiðanleikakönnun fyrir alla birgja sem falla ekki undir skilgreininguna um milliliði skv. stefnu þessari.

Framlög til góðgerðarmála og stuðningur við samfélagsleg verkefni. Til að lágmarka hættuna á því að þriðju aðilar starfi sem miðlarar fyrir mútur verða fjárframlög og önnur framlög fyrirtækisins til allra góðgerðarstofnana, samfélagslegra verkefna og sjóða, þ.m.t. til skóla, menntasjóða og til grunngerðar samfélagsins, að fylgja starfsreglum Arconic um framlög til góðgerðarmála.

Framlög til stjórn mála. Framlög til stjórn málastarfs, í þeim tilgangi að hafa áhrif eða ná fram forskoti hjá opinberum embættismanni, eru bönnuð. Notkun sjóða fyrirtækisins, eigna, þjónustu eða verðmætra hluta fyrir, eða til stuðnings stjórn málaflokka eða frambjóðenda til opinbers embættis er bönnuð. Fyrirtækið má styðja stjórn málanefndir eða -sjóði starfsmanns og stofna til eðlilegs kostnaðar í tengslum við stofnsetningu þeirra og stjórnun, en aðeins eins og leyft er samkvæmt viðeigandi lögum og í samræmi við reglugerðir eða önnur stjórnunartæki sem aðalvirkni hefur lagadeildar hefur samþykkt.

Ráðning opinberra embættismanna og annarra. Gæta verður varúðar í að ráða sem starfsmann, söluaðila, fulltrúa hagsmunahópa, ráðgjafa eða birgi sem afhendir vörur eða þjónustu:

- Opinbera embættismenn (eða fyrrverandi opinbera embættismenn);
- Einstaklinga sem tengjast opinberum starfsmanni fjölskylduböndum;
- Aðila sem opinber embættismaður hefur fjárfest umtalsvert í eða þar sem aðrir fjárhagslegir hagsmunir eru fyrir hendi; og
- Einstaklinga sem hafa áður gegnt skyldustörfum í her eða hernaði.

Undir vissum kringumstæðum, er ekki ólöglegt að ráða slíka einstaklinga, en það er ólöglegt að hefja og taka þátt í samræðum um framtíðarráðningu við þá á meðan þeir eru ennþá starfandi sem opinberir embættismenn. Að halda áfram viðskiptum við slíka einstaklinga (eða í sumum tilvikum einungis að hefja samræður við einstaklinginn um að ráða hann eða nýta sér starfskrafta hans/hennar í framtíðinni) getur falið í sér umtalsverða áhættu fyrir fyrirtækið. Fylgja verður starfsreglum um áreiðanleikakönnun og samningagerð við milliliði og öllum svæðisbundnum, landsbundnum eða staðbundnum leiðbeiningum varðandi ráðningu opinberra embættismanna, sem hafa verið samþykktar af deild reglufylgni og teknar upp af fyrirtækinu, þegar verið er að hefja, semja og ganga frá samningum við slíka aðila.

Persónuleg ábyrgð. Það er persónuleg ábyrgð allra starfsmanna fyrirtækisins að haga sér í samræmi við þá lagalegu staðla og þær takmarkanir sem eiga við um starfsskyldur þeirra, eins og við á, FCPA frá BNA, og viðeigandi landslög. Brot á viðkomandi lögum getur valdið því að starfsmaður verði fyrir agaaðgerðum. Brot á stefnu þessari geta leitt til agaaðgerða, allt að og að meðtalinni brottvikningu.

Tilkynningaskylda. Starfsmenn fyrirtækisins skulu tilkynna raunveruleg eða hugsanleg brot á stefnu þessari og á öllum öðrum lögum gegn spillingu af hálfu fyrirtækisins, samstarfsmanns eða einhvers þriðja aðila. Slíkum tilkynningum má skila til yfirmanns starfsmanns eða til einhvers starfsmanns innan deilda laga eða reglufylgni, eða til heilindalínu fyrirtækisins (hét áður símalína um siðareglur og reglufylgni, eða Siðferðislínan). Eins og leyft er skv. lögum, getur misbrestur starfsmanns á því að tilkynna þekkta eða grunaða misgerð kann að leiða til agaaðgerða gagnvart þeim starfsmanni.



Fyrirtækið mun ekki leyfa hefndaraðgerðir af neinu tagi gegn starfsmanni sem hefur í góðri trú tilkynnt um grunað misferli.

(Stefna gegn spillingu - Endurskoðuð mars 2015)

Millitilvísanir:

- Stefnur um viðskiptahætti
- Starfsreglur
- Starfsreglur um áreiðanleikakönnun og samningagerð við milliliði
- Starfsreglur um gjafir, gestrisni og ferðalög
- Stefna um framlög til góðgerðarmála
- Starfsreglur um framlög til góðgerðarmála